

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 43/2018

2020/EES/6/09

frá 23. mars 2018

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar,  
prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1347 frá 13. júlí 2017 um leiðréttingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 582/2011 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1230/2012 og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 692/2008 <sup>(1)</sup>.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirlið er bætt við liði 45zx (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB), 45zzl (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 582/2011) og 45zzv (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151) í I. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32017 R 1347**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1347 frá 13. júlí 2017 (Stjttíð. ESB L 192, 24.7.2017, bls. 1).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2017/1347, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. mars 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. mars 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Claude Maerten**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 192, 24.7.2017, bls. 1.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.